



AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

Breyting á aðalskipulagi, Leifshús, breytt landnotkun



Staðfest aðalskipulag 5.9.2008



Breytt aðalskipulag

--- Breyting

Mkv.: 1:20.000

Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkir að Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð í landi Leifshúsa. Skipulagslýsing fyrir verkefnið var kynnt vorið 2021.

Áform eru um nýtingu um 2,1 ha spildu norðan bæjarhúsa undir frístundabyggð með ræktunarlöndum. Á svæðinu verða garðlönd (d. kolonihave) með frístundahúsum en ekki hefðbundin sumarhúsaþyggð. Skilmálar um byggð og nýtingu verða settir í deiliskipulagi. Nýtingaráform falla vel að almennum nýtingarskilmálum aðalskipulagsins um landbúnaðarland en svæðið verður skilgreint sem frístundabyggð vegna þeirra bygginga sem gert er ráð fyrir. Byggðin verður lágreist en þéttleiki verður meiri en almennt er fyrirskrifad um frístundalóðir í sveitarfélaginu sbr. kafla 4.5.1 í greinargerð aðalskipulagsins enda ekki um hefðbundna byggð frístundahúsa að ræða.

Leifshús eru á landbúnaðarsvæði L1. Um er að ræða gott landbúnaðarland sem að jafnaði er vel fallið til ræktunar og búvöruframleiðslu sem skal vera meginlandnotkun á því svæði. Svæðið sem breytingin nær til var tekið úr landbúnaðar-notkun 2005. Á norðurhluta svæðisins er tún en skógarreitir og að hluta órækt á suðurhluta. Um svæðið liggur rafstrengur, heitavatslagn og ljósleiðari en kaldavatslagn aðeins ofar í landinu. Tengingar við veitukerfi eru auðveldar.

Sex minjastaðir eru skráðir í Leifshúsum, fimm þeirra staðsettir á uppdrætti (Sædis Gunnarsdóttir. *Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi*. Fornleifastofnun Íslands FS279-04181. Reykjavík 2005, bls. 91 og 102). Svæðið sem skipulagsbreytingin nær til er norðan bæjarhúsa og heimatúnsins þar sem minjastaðirnir eru.

BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Afmarkað er 2,1 ha svæði fyrir frístundabyggð, F12.

SKÝRINGAR

| | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> --- Mörk skipulagssvæðis LANDNOTKUN ■ Þéttbýli, þéttbýlismörk L1 Landbúnaðarsvæði L1 L2 Landbúnaðarsvæði L2 L3/4 Landbúnaðarsvæði L3/4 Ib Íbúðarsvæði F Frístundabyggð V Verslunar- og þjónustusvæði S Svæði fyrir þjónustustofnanir A Athafnasvæði I Iðnaðarsvæði H Hafnasvæði O Opn svæði til sérstakra nota Ø Byggð svæði E Efnistökusvæði Blönduð landnotkun ... Sjóvarmargarður ⊙ Merking landnotkunarreita TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN V Hverfisverndarsvæði Vatnsverndarsvæði Brunnsvæði Grannsvæði Fjarsvæði R Fornminjar Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum | <ul style="list-style-type: none"> SAMGÖNGUKERFI — Stofnbraut — Stofnbraut, jarðgöng — Tengibraut — Safngata, landsvegur ... Aðalögngu- og hjólastigar ... Megin útivistarstigur ... Reiðleið STOFNLAGNIR VEITUKERFA — Rafveita, loftlína — Rafveita, jarðstrengur — Hítaveita — Vatnsveita — Ljósleiðari — Fráveita, útrás |
|--|--|

BREYTING Á GREINARGERÐ

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar aðalskipulagsins.

Kafla 4.5.1 Frístundabyggð

Eftirfarandi línu er bætt við yfirliststöflu yfir frístundabyggð:

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|-----|-------|----------------------------|-----------------------------|--|
| F12 | 2,1 | Garðlönd í landi Leifshúsa | Frístundabyggð í garðlöndum | 12 hús/lóðir. Skilmálar skv. deiliskipulagi. |

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

a) Yfirlit

Sjá inngang greinargerðar.

b) Líkleg umhverfisáhrif

Áhrif felast í sýnileika mannvirkja og ræktunar. Byggðin verður smágerð, í samhengi við bæjarhúsin og í vissu samræmi við byggðina í sveitinni. Áhrif á umhverfi og yfirbragð eru háð útfærslu og verða að öllum líkindum jákvæð.

Breytingin hefur hvorki áhrif á þekktu minjastaði né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Aðkoma verður um gömlu heimreiðina að Leifshúsum. Áhrif á umferðaröryggi á Grenivíkurvegi eru engin.

c) Raunhæfir valkostir

Nýtingar- og rekstrarhugmynd umsækjanda/landeiganda er háð eignarhaldi og staðhátum og verður ekki útfærð annars staðar. Valkostur er óbreytt landnotkun.

Líðir d) – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eiga ekki við.

Breytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Aðalskipulagsbreyting sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

þann _____

_____ sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
Leifshús, breytt landnotkun

Verk: 24-805

Unnið af: áó

Mælikvarði: A3, 1:20.000

Dagsetning: 16.4.2024

